

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 484/1998 um gæðamat, flokkun og merkingu sláturafurða.

1. gr.

Við e. lið 1. mgr. I. viðauka bætist eftirfarandi málsgrein:

Landbúnaðarráðherra getur veitt heimild til að víkja frá dagsetningum fyrri málsgreinar eingöngu í þeim tilvikum að um sé að ræða rannsóknarverkefni og að fengnum tillögum kjötmatsformanns.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í lögum nr. 96/1997 um eldi og heilbrigði sláturdýra, slátrun, vinnslu, heilbrigðisskoðun og gæðamat á sláturafurðum og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 29. október 1999.

F. h. r.

Guðmundur Sigþórsson.

Ingibjörg Ólöf Vilhjálmsdóttir.

REGLUGERÐ

um (3.) breytingu á reglugerð nr. 628/1999 um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á grænmeti.

1. gr.

Eftirfarandi viðbætur og breytingar verða á tilgreindum tímabilum, verð- og magntolli, vegna innflutnings á bökunarkartöflum í 2. gr. reglugerðarinnar:

Úr tollnúmeri:	Vara	Tímabil	Vörumagn kg	Verðtollur %	Magntollur kr./kg
0701.9000	Kartöflur, bökunar, 65 mm og stærri	01.11.99 - 15.03.00	ótilgr.	15	30

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 29. október 1999.

F. h. r.

Guðmundur Sigþórsson.

Ingibjörg Ólöf Vilhjálmsdóttir.